

## KÚTTER SIGURFARI

- Jón Allansson, forstöðumaður

Kúttur Sigurfari er eini kútturinn úr þilskipastóli 19. aldar sem varðveittur er á Íslandi. Skipið er því einstæður safngripur fyrir minjavörslu allrar þjóðarinnar og þar með eiginleg „þjóðarskúta“. Kúttur Sigurfari var smíðaður í Englandi árið 1885 og keyptur til Íslands árið 1897 á því ári sem nefnt hefur verið tímamótaár í þilskipaútgærd á Íslandi en það ár hefst innflutningur kútturanna frá Englandi til Íslands í stórum stíl. Kúttur Sigurfari var aðallega gerður út frá Reykjavík og Hafnarfirði en var svo seldur til Færeyja árið 1919. Sigurfara eða Sigurfarinu, eins og það var nefnt í Færeyjum var haldið út til handfæraveiða við Ísland og Færeyjar til ársins 1970.

Kúttur Sigurfari var keyptur til Akraness árið 1974 fyrir tilstuðlan séra Jóns M. Guðjónssonar og Kiwanis-hreyfingarinnar Þyrils á Akranesi. Verkefni þetta var hugsað sem sameiginlegt verkefni þjóðarinnar að varðveita slíkan kúttur sem minnisvarða um eitt merkilegasta tímabil í atvinnu- og útgerðarsögu landsins, skútuöldina. Sigurfari kom til Akraness sumarið þjóðhátíðarárið 1974 og hafði þá verið stofnaður sérstakur styrktar- og fjáröflunarsjóður svokallaður Sigurfarasjóður til að standa straum af kostnaði við endurbýggingu kúttersins.

Við komuna til Akraness 1974 var ákveðið að Sigurfari yrði ekki gerður upp í sjóhæft ástand heldur fluttur á lóð Byggðasafnsins í Görðum þar sem honum yrði búinn staður til frambúðar. Samhliða þessu var ákveðið að skipið skyldi fært í það horf sem það var um og eftir aldamótin 1900. Sigurfari var því fluttur að Görðum árið 1975 og komið fyrir inni á lóð safnsins. Árin 1977-1978 lágu allar framkvæmdir við skipið niðri þar sem allar tekjur Sigurfarasjóðs fóru í að greiða niður skuldir vegna flutninganna. Um sumarið 1979 hófst hin eiginlega viðgerð á kúttur Sigurfara undir stjórn Jóhanns Ársælssonar skipasmiðs. Fljótlega varð ljóst að endurgerð Sigurfara var miklu stærra viðfangsefni en ætlað hafði verið í fyrstu. Fjárhagsstaða til verksins var vægast sagt bágborin og síst hvetjandi til stórræða og verkraði eftir því. Þegar þessi staða var komin upp var annað hvort að leggja niður verkfærin og hætta við verkið eða að setja á það fullan kraft í og ljúka við endurgerð. Ákveðið var að velja seinni kostinn þrátt fyrir bágborna fjárhagsstöðu Sigurfarasjóðs og ljúka endurgerð á 100 ára afmæli Sigurfara árið 1985. Sigurfari var að mestu kominn í sitt upprunalega horf á 100 ára afmæli sínu sumarið 1985 er það var opnað formlega til sýnis. Þó vantaði nokkuð upp á að hægt væri að klára endurgerð skipsins og þá helst innrétting káetu, gerð og uppsetning seglabúnaðar og fleira smálegt ofan þilja.

Endurgerð og viðhald kútters Sigurfara hefur síðan verið haldið áfram þó svo að kútturinn hafi formlega verið vígður og opnaður til sýninga þann 1. júlí 1985. Eftir opnun kúttersins árið 1985 þá var fjárhagsstaða safnsins mjög bágborin og ekki þessleg að hægt væri að ráðast í frekari framkvæmdir við skipið. Frá því að kúttur Sigurfari var opnaður formlega til sýnis fyrir einum 30 árum hefur samt árlega verið varið þó nokkrum fjármunum til nauðsynlegs viðhalds á skipinu og því haldið við eins og nokkur kostur hefur verið. Á árinu 2002 var svo komið að nauðsyn var á miklum framkvæmdum varðandi viðgerðir á skemmdum sem komið höfðu í ljós ofan og neðan þilja og sem brýn nauðsyn var að framkvæma til að forðast slyshættu. Þessar aðgerðir dugðu skammt og var svo komið að til röttækra aðgerða þurfti að gripa til að varðveita þetta einstaka skip í sögu þjóðarinnar. Árið 2003 var leitað til erlendra sérfræðinga um að meta ástand skipsins og gera kostnaðaráætlun um endurgerð og framtíðarvarðveislu þess. Kostnaðar- og ástandskýrsla var unnin af fyrirtækinu Buchan, Hall & Mitchell, skosku skipasmiðafyrirtæki sem sérhæfir sig í endurgerð gamalla skipa. Þeirra niðurstaða var sú að ástand kútters Sigurfara væri mjög bágborið og að fara yrði af stað hið bráðasta í framkvæmdir ef bjarga ætti skipinu frá frekari eyðileggingu. Árið 2007 gerði Skipaskoðun ehf. ástandskönnun á skipinu og var niðurstaða þeirrar könnunar mjög neikvæð. Þetta sama ár var gerður 5 ára samningur við Menntamálaráðuneytið að upphæð 60 millj. kr. um varðveislu kútters Sigurfara þar sem markmiðið var að gera skipið sjófært á ný. Ekki reyndist unnt að fara út í þær framkvæmdir þar sem kostnaður við að gera skipið sjóhæft var meiri en talið var í upphafi. Reynt var að fá samningnum breytt í þá veru að gera skipið sýningarhæft en það fékkst ekki og var samningnum rift einhliða af ríkinu árið 2009.

Árið 2010 var skipaður starfshópur til þess að gera tillögu um framtíð kútters Sigurfara. Í veglegri skýrslu sinni um málið komst hópurinn komst að þeirri niðurstöðu að bráðnauðsynlegt og brýnt sé að koma skipinu í skjól til þess að verja það frekari skemmdum. Hópurinn lagði til að byggt yrði yfir kútturinn en að því loknu mætti endurgerð hans taka langan tíma og væri sá verkþáttur hluti af sýningum safnsins þar sem verið væri að halda við gömlu handverki varðandi smíði tréskipa en sú verkþekking er á miklu undanhaldi hér á landi og nánast horfin.

Nokkrar úttektir liggja fyrir á almennu ástandi kútters Sigurfara og er óþarft að skoða skipið frekar þar sem ástand hans fer hríðversnandi. Það sem kemur fram í öllum þessum úttektum er sú augljósa staðreynd að brýnast er að verja skipið sem allra fyrst fyrir veðri og vindum það er að byggt verði yfir hann bráðabirgðaskýli þar sem endurgerð hans færi fram á nokkrum árum. Í framtíðinni þegar endurgerð skipsins væri lokið þá yrði hannað yfir kútturinn varanlegt sýningarhús þar sem hluti af bráðabirgðaskýli væri nýtt undir hið nýja framtíðarhús.

Með yfirbyggingu er fundin varanleg lausn samkvæmt öllum úttektum um varðveislu:

a) yfirbygging kæmi í veg fyrir frekari skemmdir á skipinu, b) hægt væri að stjórna umferð um skipið og koma í veg fyrir að af því stafaði hætta, c) endurgera skipið með hagkvæmum aðferðum, d) sögulegum verðmætum væri bjargað.

Núverandi staða um framtíð kútters Sigurfara er sú að Akraneskaupstaður hefur leitað eftir formlegu samstarfi við Þjóðminjasafn Íslands, forsætisráðuneytið svo og mennta- og menningarmálaráðuneyti varðandi framhald málsins þar sem unnið verði eftir ákveðinni verndunaráætlun undir forystu Þjóðminjasafns Íslands.

# Fréttabréf

# Íslenska Vitafélagið

1. tbl 2015

-félag um íslenska strandmenningu

Ágæti lesandi.

Á liðnum vetri hefur speglinum verið beint að sjóslysum og mannsköðum umhverfis Ísland og forvörnum gegn þeim. Það er skemmt frá að segja að þar hefur hver fyrirlesarinn á fætur öðrum aukið við þekkingu og skilning þeirra sem á hafa hlýtt og aldrei hafa fræðslukvöld félagsins verið jafn vel sótt - sem er mjög svo ánægjulegt. Sumir fyrirlestrarnir eru þegar komnir á heimasíðu félagsins og fleiri eiga eftir að rata þar inn áður en heimasíðan verður aftur komin í ásætlanlegt horf eftir árássir tölvuhakkara. Því miður getum við þó ekki lofað því að allir þeir rúmlega hundrað fyrirlestrar sem haldnir hafa verið á vegum félagsins, bæði innan lands og utan frá stofnun þess vorið 2003, verði aðgengilegir á vef Vitafélagsins.

Vetrarstarfi félagsins lýkur að þessu sinni með heimsókn til Vesturbýggðar í maí þar sem efnt verður til málþings og fl. í samvinnu við heimamenn. Dagskráin verður auglýst á heimasíðu félagsins [www.vitafelagid.com](http://www.vitafelagid.com) innan skamms og biðjum við félagsmenn um að fylgjast með og að sjálfsoðu eru allir velkomnir vestur.

Lengi hefur það verið draumur félagsmanna að koma aftur ljóshúsi á gamla vitann á Garðskaga sem reistur var árið 1897 og friðlýstur 1. desember 2003. Nú er sá draumur að verða að veruleika. Styrkur til verksins fékkst frá Minjavernd og ætluin er að hinn aldi höfðingi geti horft stoltur til hafs þegar sumrar. Þetta verkefni er unnið í samstarfi við Sveitarfélagið Garð og Vegagerðina sem nú hefur yfirumsjón með vitum landsins.

Eins og frá er greint hér í blaðinu hefur félagið unnið að gerð heimildamyndar um íslenska vitann ásamt fagfólki. Fjármögnun myndarinnar stendur nú yfir og viljum við hvetja félagsmenn og velunnara að leggja okkur lið við þetta þarfa verkefni. Vitar landsins njóta æ meiri vinsælda og vinsældir þeirra eiga bara eftir að aukast. Þeir eru ljósgjafar sjófarenda og vitar strandmenningarinnar, standa á falletum stöðum og hafa hér sem annars staðar segulaf á fólk. Vitarnir og ný notkun þeirra er einnig gott dæmi um nýsköpun við stendur og ábending um að allir hlutir hafa margþætt notagildi.

Undirbúningur að Norrænu strandmenningarhátíðinni stendur nú sem hæst, en í ár verður hún haldin á Álandseyjum. Í heila viku geta unnendur strandmenningar fræðst og skemmt sér, miðlað og mótttekið flest það sem norræn strandmenning hefur uppá að bjóða. Hátíðirnar eru árlegur liður í starfi þeirra norrænu grasrótarfélaga sem fást við strandmenningu sem sækja sér jafnframt stuðning bæjar – og sveitarfélaga. Í ár er þema hátíðarinnar **konan við hafið** eða „kustkvinnan“. Eins og undanfarin ár fara ýmsir íslenskir þátttakendur til Álandseyja á vegum félagsins svo sem handverkskonurnar Arndís Jóhannsdóttir, söðlasmiður og Helga Mogensen skartgripahönnuður. Báðar vinna þær með roð og Helga einnig úr rekavið. Sex manna hópur frá Síldarminjasafninu á Siglufirði mun salta síld og kynna þar með einn mikilvægasta þátt íslenskrar atvinnu- og efnahags sögu þar sem konur voru í lykilhutverki. Á Siglufirði eiga allar norrænu þjóðirnar brot af sinni sögu frá dögum síldarinnar og því verður einstaklega skemmtilegt að hafa söltunarhópin á meðal þátttakenda. Anna Karlsdóttir er fyrirlesarinn sem félagið sendir á málþingið og mun hún fjalla um íslenskar sjókonur fyrr og nú. Loks munu félagsmenn kynna félagið og strandmenningu Íslands með kynningarbás.

Söngvitar á Jónsmessu er verkefni sem einn félagsmanna, Hilmar Sigvaldason á Akranesi, vinnur nú að ásamt stjórn félagsins. Vonandi koma sem flestir félagsmenn til liðs við verkefnið og sjá til þess að söngur hljómi í íslenskum vitum á Jónsmessu og er markmiðið að halda tónleika í og við sem flesta vita landsins þessa töfrum þrungnu sumarnótt.

Verkefnin eru sem sagt næg og allar hendur vel þegnar til að efla strandmenningu þjóðarinnar, vernda hana og nýta með atvinnu og nýsköpun að leiðarljósi.

Sigurbjörg Árnadóttir, formaður

**VINSAMLEGAST MUNIÐ AÐ GREIÐA FÉLAGSGJÖLDIN**

## FRIDLÝSTIR OG FRIDÆDIR VITAR OG TILLÖGUR UM FREKARI FRIDLÝSINGAR 2015 - Guðmundur Lúther Hafsteinsson, arkitekt

Þann 1. desember 2003, á 125 ára afmæli vitabjónustu á Íslandi, friðaði menntamálaráðherra sjö vita að tillögu Húsafriðunarnefndar ríkisins. Þeir voru Garðskagaviti (byggður 1897), Reykjanesviti (1907-08), Hríseyjarviti (1920), Arnarnesviti (1921), Dyrhólaeyjarviti (1927), Malarrífsviti (1946) og Bjargtangaviti (1948). Dalatangaviti eldri (1895) var friðaður 2006 og vitinn á Sjómannaskólanum í Reykjavík (1942-44) var friðaður árið 2008. Aðdraganda að friðun vitanna má rekja til útgáfu bókarinnar Vitar á Íslandi árið 2002. Húsafriðunarnefnd fól undirrituðum að meta varðveislugildi vita og setja fram tillögur um friðun vita snemma árs 2003. Friðunartillögur voru lagðar fyrir Húsafriðunarnefnd um mitt ár og gerðu ráð fyrir friðun 21 vita. Tillögurnar miðuðu að því að friða nægilegt úrval vita svo að varðveita mætti dæmi um þróun í gerð vitamannvirkja m.a. eftir tímabilum, byggingarefni og formi.

Í ársbyrjun 2013 tóku gildi lög um menningarminjar nr. 80/2012. Samkvæmt þeim teljast þau hús nú friðlýst sem friðuð voru samkvæmt eldri lögum. Friðuð hús teljast nú samkvæmt gildandi lögum öll hús sem eru 100 ára eða eldri. Vitarnir níu sem getið er hér að ofan eru nú friðlýstir samkvæmt þessum ákvæðum.

Áhugavert er að skoða hvaða vitar falla undir 100 ára friðunarreglu menningarminjalaga. Litum fyrst á vita (hús og ljóshús) sem eru 100 ára eða eldri en þeir eru sjö talsins: **Súgandiseyjarviti** er í raun ljóshúsið af Gróttuvita sem byggður var 1897 en það var flutt í Stykkishólm árið 1948. **Stórhöfðaviti** var byggður árið 1906 og byggt við hann 1910, 1931 og 1964-65. Elsti hluti **Dalatangavita** yngri sem var byggður 1908 en við hann var byggður hljóðviti 1917 og radióviti 1959. **Síglunesviti** var byggður árið 1908 eftir sömu teikningu og Dalatangaviti. Árið 1911 var reistur járngrindarviti á **Rifstanga** en hann var tekinn niður og endurreistur árið 1953 við Skaftárós. **Hvaleyrarviti** er ljóshús sem upphaflega var komið fyrir á Bjargtöngum árið 1913 en flutt á Hvaleyri 1948. **Hólmavíkuviti** er ljóshús sem sett var upp árið 1914 og er enn á sínum stað.

Litum því næst á vita sem eru yngri en 100 ára en með ljóshúsi sem er eldra en 100 ára og því friðað samkvæmt 100 ára reglunni. Til þeirra teljast átta vitar: Á **Grímseyjarviti** í Steingrímsfirði (byggður 1959) er ljóshús af vitanum sem þar var byggður árið 1915 en það er sérstakt fyrir þær sakir að vera fyrsta íslenska ljóshúsið sem var logsoðið saman. Á **Skagartáarviti** (1935) er ljóshús af vita sem þar var reistur árið 1913. Á **Straumnesviti** í Sléttuhlíð (1940) er ljóshús sem sett var á Kálfshamarsvita árið 1913. Á **Flateyjarviti** á Skjálfanda (1963) er ljóshús af vita sem var reistur árið 1913. Á **Brimnesviti** við Seyðisfjörð (1938) er ljóshús af vita sem þar var byggður 1914. Á **Vattarnesviti** (1957) er ljóshús af vita sem þar var byggður 1912. Á **Ingólfshöfðaviti** (1948) er ljóshús af járngrindarvita sem þar var reistur árið 1916. Á **Alvíðruhamraviti** (1929) er ljóshús af Dyrhólaeyjarvita sem reistur var 1910.

Samtals eru 15 vitar friðaðir samkvæmt 100 ára reglunni og 9 friðlýstir vitar eða alls 24. Þá eru einnig friðaðar undirstöður eða mishá hús á þremur stöðum sem eiga það sameiginlegt að vera 100 ára eða eldri og að ljóshús þeirra hefur verið fjarlægð eða flutt á aðra vita: Í Bjarnarey úti fyrir Kollumúla standa illa farnir steinsteyptir veggir vita sem þar var byggður árið 1916 en aflagður árið 1944. Á Brimnesi við Seyðisfjörð er steinsteypt undirstaða vita frá 1914 en hann var aflagður 1938. Á Hafnarnesi við Fáskrúðsfjörð er steinsteypt undirstaða vita sem var þar á árunum 1912-1938. Að þeim þremur viðbættum eru vitar sem njóta friðlýsingar eða friðunar 27 talsins.



Dalatangaviti

Lögin kveða ennfremur á um það að hús og mannvirki sem ekki njóta friðunar og eru byggð 1925 eða fyrr megi ekki breyta, flytja né rífa án þess að leita álits Minjastofnunar Íslands. Undir þetta ákvæði falla eftirtaldir vitar 19 vitar: **Gjögurviti** (byggður 1921), **Hjalteyjarviti** (1920), hljóðvitinn á **Dalanga** (1917), **Akranesviti** eldri (1918), **Svalvogaviti** (1920), **Galtarviti** (byggður árið 1959 en á honum er ljóshús frá 1920) og þar stendur einnig gamli vitinn frá 1920 ljóshúslaus, **Karlsstaðatangaviti** (1922), **Æðarsteinsviti** (1922), **Hvanneyrarviti** (1922), **Svalbarðseyrarviti** (1920), **Papeyjarviti** (1922), **Vatnsnesviti** (1921), **Gerðistangaviti** (1918), **Sandgerðisviti** (1921, hækkaður 1945), **Mjóeyrarviti** við Fáskrúðsfjörð (1925), **Stafnesviti** (1925), **Straumnesviti** (1919, steipt í járngrindina 1930) og **Selvogsviti** (1930) en á honum er ljóshús frá 1919. Vegna 100 ára reglunnar verða margir þessara vita friðaðir á allra næstu árum.

Þessi samantekt sýnir að 27 vitar njóta friðunar, ýmist vegna friðlýsingar eða vegna friðunar samkvæmt 100 ára reglunni. Elsti hluti vitanna nýtir því ágættrar verndunar samkvæmt menningarminjalögum.

Ef við litum í lok þessarar samantektar á þær tillögur sem settar voru fram árið 2003 um friðun vita í ljósi nýrra laga þá eru það fyrst og fremst vitar frá tímabilinu 1929-1958 sem þarf að friðlýsa sé vilji til að tryggja varðveislu vita sem varpa skýru ljósi á vitasögu okkar. Það gætu verið þessir vitar: **Tjörnesviti** (byggður 1929), **Hornbjargsviti** (1930) ásamt sambyggðu vitavarðarhúsi, **Raufarhafnarviti** (1931), **Sauðanesviti** nyrðri (1933-34), **Knarrarósviti** (1938-39), **Kálfshamarsviti** (1940), **Arnastapaviti** (1941), **Kolbeinstangaviti** (1942), **Æðeyjarviti** (1944) og **Garðskagaviti** (1944) ásamt vitavarðarhúsi (1933) og miðunarstöð (1952).

## MANNFÓRNIRNAR MIKLU

- Steinar J. Lúðvíksson, rithöfundur

Ég hef í erindum sem ég hef flutt á fundum Vitafélagsins fjallað nokkuð um þær skelfilegu mannfórnir sem Íslendingar hafa fært gegnum aldirnar í sjósókn sinni. Það var nánast talið náttúrulegt að á hverju ári færust tugir og jafnvel hundruð sjómanna, í flestum tilvikum ungir menn. Hlutfallslega var mannfallið meira af þessum sökum hérlendis en jafnvel í mannskæðustu orrustum stórstyrjalda.

Í hinni miklu umhlypingatið og jafnvel stórvíðrum þessa vetrar hvarflar hugurinn til þess sem hefði sennilega gerst hér við slík skilyrði á árum áður þegar menn höfðu á lítið annað að treysta en sjálfa sig þegar ráðið var í veður og vind. Í áhlaupaveðrum fyrri tíða var algengt að fjöldi skipa færast, jafnvel uppi í landssteinum. Þá var fátt til bjargar enda sundkunnátta nánast engin allt fram á tuttugustu öldina.



Sagan er vörðud miklum slysadögum. Fæstir þeirra hafa verið færðir til bókar og því fremur giskað á, eða leitt af líkum, hversu margir fórust. Nefna má örfá dæmi. Þannig er t.d. líklegt að á skírdag, 13. apríl, árið 1419 hafi farist a.m.k. 25 erlend skip með um 400 mönnum; á góuþræl árið 1685 munu 136 Íslendingar hafa farist og jafnmargir 8. mars árið 1700. Raunar þarf ekki að leita svo langt aftur til þess að nefna mannskaðarár. Árið 1906 fórst 131 Íslendingur og árin 1922 og 1925 fórust 98 hvort árið.

Það var raunar ekki fyrr en snemma á tuttugustu öldinni sem athygli var vakin á því hversu óeðlilega mikið manntjónið var, en þá hélt Guðmundur Björnsson landlæknir erindi í Reykjavík þar sem hann færði rök fyrir því að

manntjón í sjóslysum hér við land væri langtum meira en hjá sambærilegum sjávarútvegsþjóðum. Hafði hann tekið saman tölur þrjátíu ára, 1881-1910, og komist að þeirri niðurstöðu að á því árabili hefðu um 2.100 Íslendingar farist í sjóslysum. Beindi hann orðum sínum ekki sist til sjómanna sem hann sagði að oft skorti árvekni og sæktu jafnvel í hinu tvísýnasta veðurútliti. Þeim til málsbótar væri þó að oft réði það hvort fólk hefði málungi matar hvort og hvernig afli fengist. Erindi Guðmundar varð þó til þess að loks var farið að huga að slysavörnum en tæpir þrjú áratugir liðu þó uns Slysavarnafélag Íslands var stofnað að hans frumkvæði.

Í tengslum við ritverk mitt um björgunar- og sjóslysasögu Íslands hef ég tekið saman tölur fyrir árin 1900 – 1974 og niðurstaðan varð sú að á því árabili hefðu 3.576 farist í sjóslysum, sem svarar til 48 manns árlega. Segir sig sjálft að þessar miklu mannfórnir hafa haft gríðarleg þjóðfélagsleg áhrif enda var oft svo að þorri verkfærra karlmanna heilu byggðarlaganna létu þannig lífið.

Sem betur fer eru tímar nú breyttir. Margt kemur til en sennilega vega tækni í búnaði skipa og í veðurspám einna þyngst. Ekkert vafamál er þó að margt annað kemur til og nefni ég þar sérstaklega Slysavarnaskóla sjómanna sem þeir sem gera sjósókn að atvinnu sinni þurfa að sækja. Þótt vafalaust eigi margir eftir að lúta lægra haldi í baráttunni við Ægi konung þá er tími hins gífurlega mannfalls sem betur fer liðinn.

## HEIMILDAMYND UM SÖGU ÍSLENSKA VITANS

Ljósmaal ehf. vinnur nú að gerð heimildarmyndar um sögu íslenskra vita. Þetta er fyrsta mynd sinnar tegundar hér á landi og er unnin í samstarfi reyndra innlendra kvikmyndagerðarmanna og Íslenska vitafélagsins, með stuðningi Kvikmyndamiðstöðvar Íslands.

Vitavæðing Íslands hófst 1878 þegar fyrst blikkaði ljós á Reykjanesvita og tók vitavæðingin um 80 ár. Uppbyggingin er stór hluti af framfara- og sjálfstæðisbaráttu þjóðarinnar, sögu hafnamála, útgerðar og fiskveiða og síðst en ekki sist öryggismála sjómanna. Margir af þeim sem tengjast siglingum og sjávarútvegi þekkja sögu vitana vel og vita hversu mikilvægt þeirra hlutverk var.

Leikstjóri myndarinnar er Einar Þór Gunnlaugsson, framleiðandi er Dúi J. Landmark, handritshöfundur er Kristján Sveinsson sagnfræðingur, ráðgjafi er Sigurbjörg Árnadóttir og tónlist semur Ragnhildur Gísladóttir.

Mikill metnaður er lagður í framleiðslu myndarinnar, jafnt til að hægt sé að gera vitasögunni skil á sem bestan hátt, en einnig til þess að hið sjónræna umhverfi vitanna fái að njóta sín til fulls. Ráðgjert er að myndin verði sýnd bæði í sjónvarpi og kvikmyndahúsi, á erlendum kvikmyndahátíðum og ráðstefnum sem tengjast strandmenningu, vitum og sjósókn. Til að gefa gleggri mynd af verkefninu má hér sjá kynningarmyndband á: <http://vimeo.com/114219142>